

**Fundargerð stjórnar BÍS 20/2014. miðvikudaginn 5. nóvember 2014 kl. 17.30,
Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.**

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Unnur Flygenring, formaður dagskráráðs, , Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. Samþykkt
3. Fimm mínútur foringjans. BB stýrði.
4. Yfirlit stjórnarmanna.
 - a. BB. Var í samskiptum við styrktaraðila Landsmóts skáta. Var í samskiptum vegna málaferla á Úlfjótavatni. Samtöl við þingmenn. Tók þátt í Fálkaskátadeginum.
 - b. FFS. Félagaráð hefur komið saman tvisvar. Það var haldið félagstjórnarnámskeið og vinnufundur var haldinn vegna Skátafélag á rétttri leið. Undirbúningur vegna endurmats mótsstjórnar er í gangi.
 - c. GBB. Var í fríi.
 - d. KÓ. Farið var í útboð vegna endurskoðun á reikningum vegna nýs fyrirkomulags á BÍS og dótturfyrirtækjum þess. Útboðsfrestur rennur út á morgun. Niðurstaða tilkynnt á næsta fundi. Það er verið að skoða að ráða verkefnastjóra í tímabundið starf hjá Grænum skátum.
 - e. ÓP. Stefnt er að halda námskeið á Akureyri um næstu helgi. Hátt í 20 þátttakendur eru skráðir til leiks. Nokkrir fundir hafa verið í stjórn Gilwell skólans. Töluverður tími farið í íorðaskrána og starfsgrunn róverskáta.
5. Róverstarfsgrunnur. Samþykkt með breytingum.
6. Hugtaka og orðasafn. Hugtaka og orðasafnið „Orðabelgur“ er samþykkt.
7. Meginviðfangsefni.
 - a. Fjármál - Þjóðþrif, Grænir skátar og fjáraflanir ársins 2015. HS fór yfir fjárhagsstöðu BÍS og dótturfélaga þess. Fjármál í viðunandi horfi.
 - b. Heimsókn til skátafélaga. FFS fór yfir næstu skref í stuðningi við skátafélögin. Félagaráð er komið til starfa og er að búta til stoðefni fyrir þennan málaflokk. Stefnt er að því að prufukeyra sjálfsmatskerfi skátafélaga á völdum skátafélögum eigi síðar en í janúar. Umræða voru um nálgun á verkefninu. Lagt upp með að kerfið sé einfalt í notkun.
 - c. Fyrirkomulag starfs- og fjárhagsáætlanagerðar 2015. Frestað.
8. Afgreiðslumál

- a. Verkefnahópur um framboðsmál. Hópurinn skilaði tillögum um leiðbeinandi viðmið vegna framboða til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa innan skátahreyfingarinnar. Ákvörðun frestað fram til næsta fundar.
 - b. Skátaping. HS kynnti drög að dagskrá fyrir næsta Skátaping og Fossbúar hafa boðist halda það á Selfossi. Ákvarðanatöku vegna dagskrár er frestað fram til næsta fundar. Að fela skf. Fossbúum að halda næsta Skátaping er samþykkt.
 - c. Tillaga um uppskeruhátíð BÍS. HS kom með tillögu um að sameina uppskeruhátíð BÍS og ÚSÚ og halda veisluna á Úlfjótuvatni. HS er falið að vinna málið áfram og kynna drög að dagskrá sem er innan fjárhagsramma þegar dagskráin liggur fyrir.
 - d. Trúnaðarmál.
 - e. Dagatal. Umræða var um hvort ætti að prenta dagatal og dreifa á skátafélögin í byrjun árs eða hafa þau rafræn á www.skatamal.is. GBB er falið að vinna málið áfram.
 - f. Minnisblað frá Endurskoðanda. HS lagði fram bréf til upplýsingar frá endurskoðanda KPMG með tillögur um breytt rekstrarfyrirkomulag á Úlfjótuvatni.
 - g. Reglugerð um utanfarir. JPG lagði fram breytingar á reglugerð um utanfarir skáta. Samþykkt. HS falið að uppfæra vefinn. Umræður voru með aðrar reglugerðir BÍS.
 - h. Verkefnahópar.
 - i. Leiðtogavítamín. Samþykkt.
 - ii. Félagatal BÍS. Samþykkt.
 - iii. Félagsráð. Samþykkt.
 - i. Fálkaskátadagurinn. Skf. Landnemunum og Skf. Árbúum og öðrum sjálfboðaliðum er þakkað fyrir þeirra framlag.
9. Önnur mál.
10. Úlfjótuvatn sf. BB fór yfir stöðu málaferla Starfsmannafélags Reykjavíkur við Orkuveitu Reykjavíkur, Bandalag íslenskra skáta, Skátasamband Reykjavíkur og Skógræktarfélag Íslands. BB sendir drög að samkomulagi á stjórn BÍS til yfirlstrar og skili athugasemdum til sín fyrir laugardag.

Fundi slitið kl. 20:23
Fundargerð ritaði HS

Aukastjórnarfundur er fimmtudaginn 13. nóvember frá kl. 16-20.